



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 1/2014

um mat á tengslum aðila vegna reglna um stórar áhættuskuldbindingar

Gefin út samkvæmt 2. mgr. 8 gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

19. febrúar 2014

Inngangur

Fjármálaeftirlitinu ber skv. 4. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (hér eftir skammstöfuð fftl.) að setja reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Á þeim grundvelli hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, nr. 625/2013 (vísað til þeirra með númeri hér eftir). Reglurnar fela í sér innleiðingu á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, sem varða stórar áhættuskuldbindingar (e. *large exposures*) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2009/111/EB.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. fftl., sbr. 7. gr. reglna nr. 625/2013, mega áhættuskuldbindingar¹ vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni þess. Mikilvægt er að fjármálafyrirtæki átti sig á því hvenær aðilar² teljast til hóps tengdra viðskiptamanna í skilningi laganna til þess að unnt sé að meta þá áhættu sem tengslin hafa í för með sér. Þessi leiðbeinandi tilmæli eru sett fram til að skýra hugtakið *hópur tengdra viðskiptamanna* og tengd hugtök auk þess sem fjallað er almennt um innra eftirlit fjármálafyrirtækja með stórum áhættuskuldbindingum, tilkynningarskyldu og viðurlög.

Rétt er að geta þess að reglur um stórar áhættuskuldbindingar eiga ekki við um áhættuþætti sem koma til vegna starfsemi viðskiptamanna í ákveðinni atvinnugrein eða landfræðilegrar staðsetningar viðskiptamanna. Slíkir áhættuþættir falla undir svonefnda samþjöppunaráhættu (e. *concentration risk*) og heyra undir aðra stoðina (e. *Pillar II*) samkvæmt Basel II-staðlinum.

¹ Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis, vegna einstakra viðskiptamanna eða hóps tengdra viðskiptamanna, telst vera samtala lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða auk annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 625/2013.

² Þessi leiðbeinandi tilmæli varða áhættuskuldbindingar vegna aðila sem eru í viðskiptum við fjármálafyrirtæki og teljast því til viðskiptamanna þess. Hafa ber hugfast að hugtakið „aðilar“ er í vissum tilvikum í tilmælunum beinlínis notað um þá „viðskiptamenn“ sem skilgreiningin á *hópi tengdra viðskiptamanna*, sbr. 1. gr. reglna nr. 625/2013, nær til.

Leiðbeinandi tilmæli um mat á tengslum aðila vegna reglna um stórar áhættuskuldbindingar

1. Hugtakið *Hópur tengdra viðskiptamanna*

1.1 Í 2. tölul. 1. gr. a fttl., sbr. 1. gr. reglna nr. 625/2013, er hópur tengdra viðskiptamanna skilgreindur sem:

- a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða
- b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.

1.2 Við skýringu hugtaksins *hópur tengdra viðskiptamanna* er, auk almennra sjónarmiða við lögskýringar, sérstaklega litið til fjögurra þátta.

- a. Í fyrsta lagi er litið til markmiðs reglna nr. 625/2013. Markmið reglnanna er einkum að lágmarka tap fjármálafyrirtækis sem getur komið til ef viðskiptamaður þess getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart fyrirtækinu.
- b. Í öðru lagi er litið til hagsmuna sem lögum um fjármálafyrirtæki er ætlað að vernda, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Þar segir að tilgangur laganna sé að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptamanna, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.
- c. Í þriðja lagi er litið til sjónarmiða sem fram koma í leiðbeinandi tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (*The European Banking Authority* (EBA)) frá 11. desember 2009.³
- d. Í fjórða lagi er litið til þess hversu alvarlegar afleiðingar vanræksla á að fylgja reglum um tengingar aðila getur haft. Þegar áhættuskuldbindingar fleiri en eins aðila, sem fjármálafyrirtæki hefur vanrækt að tengja saman, verða óhóflegar getur það leitt til hættu á verulegu tapi hjá fjármálafyrirtæki, verði mótaðillinn ógjaldfær.

1.3 Við skýringu á hugtakinu *hópur tengdra viðskiptamanna* er mikilvægt að fjármálafyrirtæki hafi í huga hina sérstöku sönnunarreglu laga um fjármálafyrirtæki. Sönnunarreglan kveður á um að ef vafi leikur á því hverjir teljist til *hóps tengdra viðskiptamanna* þá sé fjármálafyrirtæki beinlínis skylt að tengja umrædda aðila saman

³ *Guidelines on the implementation of the revised large exposures regime:*
<http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/large-exposures/guidelines-on-the-revised-large-exposures-regime#>

nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða, sbr. 2. mgr. 30. gr. fttl. Fjármálaeftirlitið metur hverju sinni hvort fullnægjandi sönnun í þessum efnum hafi komið fram, sbr. lið 5.7.

- 1.4 Þess misskilnings hefur gætt að með hópi tengdra viðskiptamanna sé átt við hugtakið *venslaða aðila* í skilningi leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2010. Rétt er að taka af allan vafa um að hugtakið hópur tengdra viðskiptamanna er sjálfstætt og því óháð skilgreiningu hugtaksins *venslaðir aðilar*.
- 1.5 Loks er rétt að áréttta að leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins tilgreina ekki með tæmandi hætti tilvik sem fallið geta undir hugtakið *hópur tengdra viðskiptamanna*. Við mat á tilvikum sem ekki eru reifuð í tilmælunum mælist Fjármálaeftirlitið til þess að fjármálafyrirtæki líti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í tilmælunum, einkum um markmið reglna um stórar áhættuskuldbindingar, verndarhagsmuni laga um fjármálafyrirtæki og áhættu sem getur skapast ef reglum um tengingar er ekki framfylgt, sbr. lið 1.2.

2. Túlkun á hugtakinu *yfirráð*

- 2.1 Í a-lið 2. tölul. 1. gr. a fttl., sbr. 1. gr. reglna nr. 625/2013, segir eftirfarandi um hóp viðskiptamanna sem tengjast í gegnum *yfirráð*:

tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein *yfirráð* yfir hinum.

- 2.2 Í tilvikum þar sem tveir aðilar eru tengdir í gegnum *yfirráð* annars yfir hinum, er hætta á að sá sem hefur *yfirráð* yfir hinum beiti áhrifum sínum í þeim tilgangi að styrkja stöðu sína. Að sama skapi er hætta á að fjárhagslegt tap aðila, sem er undir *yfirráðum* annars aðila, hafi áhrif á fjárhagsstöðu þess aðila sem hefur *yfirráð*.

- 2.3 Við tengingu aðila samkvæmt framangreindri skilgreiningu 1. gr. reglna nr. 625/2013 ber fjármálafyrirtæki að líta til skilgreiningar á *yfirráðum* skv. 9. tölul. 1. gr. a fttl. Þar segir að *yfirráð* séu tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags. Í 5. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga er móðurfélag skilgreint sem félag sem:

- a. á meiri hluta atkvæða í öðru félagi,
- b. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess,
- c. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það,
- d. er félagsaðili að öðru félagi og ræður yfir meiri hluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa, eða
- e. á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess.

Við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:

- a. leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga í viðkomandi félagi,
- b. draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og
- c. draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðisréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðisréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna.

2.4 Jafnframt er dótturfélag skilgreint í 6. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga, sem félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul. 2. gr. sömu laga. Félög sem eru dótturfélög dótturfélaga teljast einnig vera dótturfélög móðurfélags.

2.5 Eins og að framan greinir byggja lög um fjármálafyrirtæki ekki aðeins á skilgreiningu laga um ársreikninga varðandi yfirráð, enda segir í 9. tölul. 1. gr. a ffl. að til yfirráða geti talist sambærilegt samband milli lögaðila og félags annars vegar og einstaklings og félags hins vegar. Fjármálafyrirtæki skal því leggja mat á það hverju sinni hvort slíkt samband milli lögaðila og félags annars vegar og einstaklings og félags hins vegar teljist sambærilegt í skilningi laganna. Við slíkt mat er mælt til þess að fjármálafyrirtæki hafi meðal annars hliðsjón af þeim fjórum skýringarsjónarmiðum sem reifuð eru í lið 1.2.


2.6 Um yfirráð getur verið að ræða þegar aðili fer með minna en helming atkvæðisréttar í félagi eða jafnvel í þeim tilvikum sem aðili fer ekki með atkvæðisrétt í félaginu. Í þessum tilfellum er mælt til þess að fjármálafyrirtækið líti meðal annars til eftirfarandi atriða sem eiga við þegar aðili hefur umboð, vald eða er í aðstöðu til þess að framkvæma eða láta framkvæma eftirfarandi gagnvart öðrum viðskiptamanni fjármálafyrirtækisins:

- a. stjórna starfsemi annars aðila, bæði einstaklinga og lögaðila, í þeim tilgangi að hagnast á starfseminni,
- b. ákvarða mikilsháttar ráðstafanir eða þýðingarmiklar viðskiptafærslur, svo sem varðandi meðferð hagnaðar eða taps,
- c. skipa eða láta víkja frá meiri hluta stjórnenda, stjórnarmönnum eða öðrum með sambærileg völd, eða
- d. fara með meiri hluta atkvæða á fundum stjórnar, hluthafafundum, eða
- e. samræma stjórnun lögaðila við annan eða aðra lögaðila til að ná sameiginlegu markmiði, t.d. þegar sömu einstaklingar koma að stjórnun, þ. á m. sem stjórnarmenn eða stjórnendur, tveggja eða fleiri lögaðila.

2.7 Ekki liggur ávallt fyrir, með augljósum hætti, að upptalning skv. lið 2.6 eigi við um viðskiptamann eða aðila sem tengjast viðskiptamanni fjármálafyrirtækis. Því er mælt til þess að fjármálafyrirtæki kynni sér vel slík tilfelli og líta m.a. til þess að í vissum tilvikum er venjubundin þátttaka á aðalfundi félags það lítil að fyrirsjáanlegt þykir að ákveðinn aðili muni hafa ráðandi áhrif eða í raun hafa stjórn á ákvörðunum félagsins þrátt fyrir að atkvæðisréttur hans sé langt undir helmingi alls atkvæðisréttar í félaginu.

2.8 Í vissum tilvikum þarf að telja aðila með í fleiri en einum hópi tengdra viðskiptamanna. Þetta á til dæmis við þegar tveir viðskiptamenn V1 og V2 fjármálafyrirtækis deila

yfirráðum í félagi F1 jafnt á milli sín, en eru þó sjálfir ekki tengdir hvor öðrum. Ef félag F1 er einnig viðskiptamaður fjármálafyrirtækisins þá skal tengja saman áhættuskuldbindingu til félagsins F1 við sitt hvora áhættuskuldbindingu aðilanna tveggja V1 og V2 sem deila yfirráðum í félaginu, sbr. meðfylgjandi skýringarmynd.



Niðurstaða:

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækisins mynda tvo hópa tengdra viðskiptamanna.

$$\text{Hópur 1} \rightarrow V1 + F1 = 110$$

$$\text{Hópur 2} \rightarrow V2 + F1 = 130$$


-----> % eignarhlutur

—————> áhættuskuldbinding

Mælst er til að samtala áhættuskuldbindinga viðskiptamanna V1 og V2 sé í slíkum tilvikum reiknuð með því að leggja saman áhættuskuldbindingar viðskiptamanna V1 og V2 og áhættuskuldbindingu vegna F1. Ekki ætti því að leggja eingöngu saman áhættuskuldbindingar í samræmi við eignarhluti V1 og V2 í félagi sem þeir deila yfirráðum yfir.

2.9 Ef fjármálafyrirtæki er kunnugt um að einn viðskiptamaður hafi yfirráð yfir öðrum er mikilvægt að skoða vandlega eðli tengingarinnar og meta þá áhættu sem tengslin kunna að hafa í för með sér fyrir fjármálafyrirtækið. Í þessu samhengi er vert að geta þess að fjármálafyrirtæki getur almennt ekki borið fyrir sig yfirlýsingu viðskiptamanns þar sem hann afsalar sér yfirráðum þegar slík yfirlýsing hefur ekki efnislegt gildi.

2.10 Séu aðilar að meiri hluta í eigu ríkis eða seðlabanka (félög A og D), og áhættuskuldbindingar viðkomandi ríkis eða seðlabanka fá 0% áhættuvog skv. 11. gr. reglna nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, er ekki nauðsynlegt að tengja félögin sem *hóp tengdra viðskiptamanna*. Þessi undanþága á þó ekki við um félög sem eru tengd félögum í meiri hluta eigu viðkomandi ríkis eða seðlabanka (annars vegar félög B og C og hins vegar E og F). Sömu meðferð hljóta áhættuskuldbindingar sveitarfélaga, ef þau fá 0% áhættuvog skv. 12. gr. reglna nr. 215/2007. Sjá nánar mynd á bls. 7.



3. Túlkun á hugtakinu *fjárhagsleg tengsl*

3.1 Í b-lið 2. tölul. 1. gr. a fttl., sbr. 1. gr. reglna nr. 625/2013, segir eftirfarandi um hóp tengdra viðskiptamanna vegna fjárhagslegra tengsla:

tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.

3.2 Jafnvel þótt yfirráð eins viðskiptamanns yfir öðrum séu ekki til staðar, ber fjármálafyrirtæki að meta hvort viðskiptamenn séu fjárhagslega háðir hvor öðrum. Ef það teljast líkur á því að fjárhagslegir erfiðleikar eins aðila valdi því að annar aðili lendi einnig í greiðsluferfiðleikum, s.s. erfiðleikum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, skal líta á þá sem *hóp tengdra viðskiptamanna* við útreikning á stórum áhættuskuldbindingum. Tengslin geta ýmist verið gagnkvæm eða einhliða.


3.3 Ef fjármálafyrirtæki er kunnugt um eftirfarandi tengsl milli viðskiptamanna er mælt til þess að það kanni þau nánar í þeim tilgangi að komast að því hvort um fjárhagsleg tengsl milli viðskiptamanna sé að ræða:

- viðskiptamaður hefur ábyrgst í heild eða að hluta áhættuskuldbindingu annars viðskiptamanns og ábyrgðin er svo umfangsmikil að hún gæti valdið því að fyrrnefndi viðskiptamaðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar ef á reyndi,
- viðskiptamaður á eignarhlut í fyrirtæki annars viðskiptamanns og sá eignarhlutur samsvarar verulegum hluta eigin fjár fyrrnefnda aðilans,
- eigandi íbúðar- eða viðskiptahúsnæðis og leigutaki meirihluta leiguhúsnæðis í sama húsnæði,
- verulegur hluti framleiðslu viðskiptamanns er ætlaður öðrum viðskiptamanni,
- verulegur hluti viðskiptakrafna eða skuldbindinga viðskiptamanns er gagnvart einum aðila,

- f. framleiðandi vöru reiðir sig á smásala sem hann ætti erfitt með að láta leysa af hólmi, t.d. ef hann neyddist til að leita að öðrum smásala,
- g. aðilar í rekstri sem hafa fámennan einsleitan hóp viðskiptamanna þar sem erfitt getur reynst að afla nýrra viðskiptamanna,
- h. í ljós kemur að annað fjármálafyrirtæki telur viðkomandi viðskiptamenn tengda,
- i. viðskiptamenn deila skuldbindingu, eða
- j. viðskiptamaður er skuldbundinn til þess að greiða skuldbindingu annars viðskiptamanns á grundvelli samnings, t.d. með ábyrgð, eða þegar hjúskaparlög í ríki viðskiptamanns kveða á um að hjón beri ábyrgð á fjárskuldbindingum hvors annars og skuldbindingin telst veruleg fyrir báða aðila.

3.4 Ómögulegt er að setja fram tæmandi lista yfir öll þau mögulegu tilvik þar sem tengja ber viðskiptamenn á grundvelli fjárhagslegra tengsla. Af þessum sökum er mikilvægt að fjármálafyrirtæki búi yfir umfangsmikilli þekkingu á viðskiptamönnum fyrirtækisins og að starfsmenn þess séu meðvitaðir um hugsanleg tengsl. Fjárhagsleg tengsl geta myndast vegna fjármögnunartengsla milli aðila, t.d. þegar viðskiptamenn treysta á sama fjármögnunaraðila. Þetta á við þegar fjármögnun eins aðila hefur áhrif á fjármögnunarmöguleika annars aðila og ekki er unnt að eyða áhrifunum með auknum kostnaði innan eðlilegra marka eða öðrum úrræðum. Í þessu samhengi er mikilvægt að fjármálafyrirtæki hafi í huga að lausafjárþurrð getur skapast á mörkuðum með skömmum fyrirvara.

3.5 Fjármálaeftirlitið gerir almennt ekki kröfu um að fjármálafyrirtæki tengi aðila saman bæði á grundvelli yferráða og fjárhagslegra tengsla. Meðfylgjandi skýringarmynd er ætlað að skýra þessa afstöðu Fjármálaeftirlitsins. Á skýringarmyndinni hefur fjármálafyrirtæki greint tvo hópa tengdra viðskiptamanna á grundvelli yferráða, Hópa 1 og 2. Einnig eru vísbendingar um að fjárhagsleg tengsl séu á milli viðskiptamanna D og F. Ef fjárhagslegir örðugleikar viðskiptamanns F eru ekki líklegir til að hafa í för með sér greiðsluvanda fyrir aðra viðskiptamenn í Hópi 1, er ekki þörf á að tengja viðskiptamann F við Hóp 1. Í slíku tilviki er mælt til þess að viðskiptamenn D og F tilheyri sérhópi, Hópi 3. Ef á hinn bóginn er hætt á að fjárhagslegir erfiðleikar annars hópsins, Hóps 1, hafi áhrif á hinn hópinn, Hóp 2, vegna þess að hóparnir eru fjárhagslega háðir hvor öðrum, er rétt að tengja hópana saman í einn hóp fjárhagslega tengdra viðskiptamanna.



4. Efnahagslegt inntak í umgjörð fjármálagerninga

4.1 Í leiðbeinandi tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar frá 11. desember 2009 er fjallað um efnahagslegt inntak (e. *economic substance*) í umgjörð fjármálagerninga. Umrædd hugtök koma fyrir í 3. mgr. 106. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB, en eru skýrð og útfærð í tilmælunum. Þessi grein tilskipunarinnar var innleidd með 4. gr. reglna nr. 625/2013.

4.2 Í 4. gr. reglna nr. 625/2013 segir:

Við ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna skal fjármálafyrirtæki meta áhættur vegna undirliggjandi eigna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sbr. o-lið 10. gr. reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, með því að athuga:

- i. eignasöfn sjóðanna (e. *schemes*),
- ii. undirliggjandi áhættur þeirra eða
- iii. bæði eignasöfnin og undirliggjandi áhættur.

Til að greina undirliggjandi áhættur skv. 1. mgr. skal fjármálafyrirtæki leggja mat á efnahagslegt inntak (e. *economic substance*) og áhættur sem felast í umgjörð fjármálagerninga.

4.3 Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skulu fjármálafyrirtæki horfa í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu, hvort sem eru verðbréfasjóðir (UCITS), fjárfestingarsjóðir, fagfjárfestingsjóðir eða aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru svo tengdar saman við aðrar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis innan hóps tengdra viðskiptamanna. Sama krafa er gerð vegna verðbréfunar eða verðbréfaðra eigna sem fjármálafyrirtæki kann að eiga. Samkvæmt tilvitnuðum tilmælum EBA er ætlunin með þessu að virkja eftirlit fjármálafyrirtækja í Evrópu með áhættu sem skapast vegna flókinna fjármálagerninga sem fjármálafyrirtæki á í viðskiptum með.

4.4 Þegar fjármálafyrirtæki horfa í gegnum sjóði eða aðrar eignir sem fela í sér undirliggjandi áhættu, er þeim samkvæmt tilmælum EBA heimilt að beita fjórum aðferðum við mat og ákvörðun á undirliggjandi áhættuskuldbindingum. Að mati Fjármálaeftirlitsins er rétt að skýra 4. gr. reglna nr. 625/2013 með þeim hætti að fjármálafyrirtæki hér á landi geti beitt sömu aðferðum.

4.5 Aðferðirnar eru eftirtaldar:

1. *Horft í gegn að fullu*: Fjármálafyrirtæki greinir og vaktar allar áhættuskuldbindingar í sjóðum eða öðrum eignum sem fela í sér undirliggjandi áhættu, og tengir þær við viðskiptamenn eða hóp tengdra viðskiptamanna.

2. *Horft í gegn að hluta*: Fjármálafyrirtæki greinir og vaktar áhættuskuldbindingar skv. 1. tölul. en tengir einungis hluta af þekktum undirliggjandi áhættuskuldbindingum við viðskiptamenn eða hóp tengdra viðskiptamanna. Aðrar áhættuskuldbindingar teljast vera ótilgreindar áhættuskuldbindingar í samræmi við 3. tölul.

3. *Ótilgreindar áhættuskuldbindingar.* Fjármálafyrirtæki meðhöndlar áhættuskuldbindingar sem *ótilgreindar áhættuskuldbindingar*, en til þeirra geta m.a. talist sjóðir eða aðrar eignir sem fela í sér undirliggjandi áhættu og fjármálafyrirtæki horfir ekki í gegnum samkvæmt 1. eða 2. tölul. Ótilgreindar áhættuskuldbindingar teljast hver fyrir sig vera stök áhætta og þar með einn viðskiptamaður. Skilyrði fyrir því að meðhöndla áhættuskuldbindingar sem ótilgreindar samkvæmt þessum lið er að áhættudreifing innan sjóðs eða annarra eigna sem fela í sér undirliggjandi áhættu er með þeim hætti að einstakar fjárfestingar eða áhættuskuldbindingar þeirra fara ekki upp fyrir 5% af heildarfjárfestingum eða eiginfjárgrunni þeirra.

4. *Form- og sönnunaraðferð.* Geti fjármálafyrirtæki sýnt fram á að undirliggjandi áhættuskuldbindingar í sjóðum, eða öðrum eignum sem fela í sér undirliggjandi áhættu, séu ekki tengdar beinum eða óbeinum áhættuskuldbindingum, sem fara yfir 2% af eiginfjárgrunni fyrirtækisins, er fjármálafyrirtæki heimilt að telja fjárfestingar í slíkum sjóðum eða öðrum eignum með undirliggjandi áhættu sem sjálfstæða, þ.e. ótengda viðskiptamenn.

4.6 Auk þess að horfa í gegnum sjóði og tiltekna fjárfestingar er brýnt að fjármálafyrirtæki leggi sjálfstætt mat á flókna fjárfestingar og greini undirliggjandi áhættu sem felst í flóknum fjármálagerningum. Í því felst að kanna efnahagslegt inntak (e. *economic substance*) og áhættu sem felst í umgjörð gerninganna. Með því er átt við að fjármálafyrirtæki greini:

- a. hver eru undirliggjandi verðmæti gerninganna og hvað það er sem auki eða rýri verðmæti þeirra, og
- b. hvort uppsetning, skilmálar eða önnur atriði sem felast í gerningunum sjálfum feli í sér áhættu.

4.7 Í tilvitnuðum tilmælum EBA er að finna nánari skýringar varðandi framkvæmd og aðferðir vegna ákvæðis 4. gr. reglna nr. 625/2013. Þar er einnig að finna ítarlegri dæmi en koma fram í þessum tilmælum.

5 Innri reglur, framkvæmd og kerfi til að greina stórar áhættuskuldbindingar

5.1 Fjármálafyrirtæki skal beita traustum stjórnunar- og reikningssskilaaðferðum (e. *sound administrative and accounting procedures*) og hafa yfir að ráða innra eftirlitskerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru rekjanlegar, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 625/2013.

5.2 Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að greina og meta stórar áhættuskuldbindingar, þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim, sbr. fyrri másl. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 625/2013. Eðli málsins samkvæmt skulu slíkir innri ferlar samræmast lögum um fjármálafyrirtæki, reglum um stórar áhættuskuldbindingar og taka mið af leiðbeinandi tilmælum þessum. Mælst er til þess að

slíkar verklagsreglur séu aðgengilegar öllum starfsmönnum sem málið varðar og tryggt sé að starfsmenn þekki reglurnar og að þeim sé framfylgt.

5.3 Fjármálafyrirtæki skal greina, meta og endurmeta tengsl aðila reglulega, sbr. síðari málsl. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 625/2013.

5.4 Við útreikning á stórum áhættuskuldbindingum skal taka mið af heildaráhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækis á samstæðugrunni gagnvart hópi tengdra viðskiptamanna, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 625/2013. Fjármálafyrirtæki skal gæta þess að áhættuskuldbindingar þess fari ekki yfir mörk skv. 7. gr. reglna nr. 625/2013 á samstæðugrundvelli, sbr. 30. gr. og 109. gr. ffl.⁴ Fjármálafyrirtæki þarf jafnframt að meta allar áhættuskuldbindingar við aðila innan samstæðunnar, þ.m.t. allra dótturfyrirtækja og félaga sem það hefur yfirráð yfir. Dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækja, sem sjálf teljast vera fjármálafyrirtæki, hlíta sömu skilyrðum og móðurfélög varðandi takmörk á stórum áhættuskuldbindingum og mega áhættuskuldbindingar þeirra ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni hvers dótturfélags fyrir sig. Dótturfyrirtæki fjármálafyrirtækja, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, eru ekki bundin af 25% hámarkinu, og þurfa ekki ein og sér að hlíta ákvæðum laga eða reglna um stórar áhættuskuldbindingar.

5.5 Til að fullnægja kröfum ákvæða laga eða reglna um stórar áhættuskuldbindingar ætti fjármálafyrirtæki að afla sér nægilegra upplýsinga og fylgja yfstrustu varúðarsjónarmiðum þegar tengsl vegna stórra áhættuskuldbindinga eru metin. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að fjármálafyrirtæki láti varfærnis- og áhættustýringarsjónarmið ráða ef vafi leikur á um tengsl viðskiptamanna. Fjármálafyrirtæki skal því hafa yfir að ráða traustu upplýsingakerfi sem heldur utan um tengingar aðila vegna stórra áhættuskuldbindinga, þannig að unnt sé að halda utan um og hafa eftirlit með þeim, sbr. 5. gr. reglna nr. 625/2013.

5.6 Lykilþáttur í veitingu útlána eða annarra fyrirgreiðslna sem telst áhættuskuldbinding skv. 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 625/2013 er að tengsl aðila séu könnuð innan fjármálafyrirtækis. Fjármálafyrirtæki skal því í starfsemi sinni fylgjast með öllum mögulegum tengslum viðskiptamanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 625/2013. Eftir því sem áhættuskuldbindingar verða stærri er mælt til þess að fjármálafyrirtæki auki slíkt eftirlit með mögulegum tengslum. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að fjármálafyrirtæki kanni til hlítar og skjalfesti öll möguleg tengsl samkvæmt þessum tilmælum nemi áhættuskuldbinding 2% eða hærri fjárhæð af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Önnur leið væri að fjármálafyrirtæki greini öll möguleg tengsl hæfilegs fjölda viðskiptamanna þess, t.d. 100 þeirra stærstu. Viðmið eða verklagsreglur um mat á tengslum viðskiptamanna ættu þó alltaf að hæfa eðli, umfangi og margbreytileika starfsemi fjármálafyrirtækisins.

5.7 Telji Fjármálaeftirlitið að vafi leiki á um hvort fjármálafyrirtæki hafi tengt aðila með réttum hætti ber fjármálafyrirtækinu að tengja umrædda aðila, nema það geti sýnt fram á hið gagnstæða. Fjármálaeftirlitið leggur því mat á það hverju sinni hvort fullnægjandi sönnun í þessum efnum hafi komið fram af hálfu fjármálafyrirtækis. Við slíkt mat mun

⁴ Þótt fyrst og fremst sé vísað til 25% hámarksins í lið 5.4 er á það minnt að um áhættuskuldbindingar vegna fjármálafyrirtækja gilda sérreglur, sbr. 2. og 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 625/2013.

Fjármálaeftirlitið meðal annars horfa til þeirra fjögurra skýringarsjónarmiðum sem reifuð eru í lið 1.2. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að fjármálafyrirtæki hafi ekki fært fullnægjandi sönnun í slíkum tilvikum leiðir af 2. mgr. 30. gr. fttl. að fjármálafyrirtæki ber fortakslaus skylda til að tengja umrædda aðila⁵.

6 Tilkynningarskylda og viðurlög

- 6.1 Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. 30. gr. fttl., sbr. 7. gr. reglna nr. 625/2013, skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Ekki nægir að tilkynning berist Fjármálaeftirlitinu við næstu skýrsluskil fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið getur veitt fjármálafyrirtæki frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.
- 6.2 Minnt er á að brot gegn 30. gr. fttl. getur varðað fjármálafyrirtæki og starfsmenn þess stjórnvaldssektum, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, hvort sem brot er framið af gáleysi eða ásetningi, sbr. 110. gr. og 112. gr. b laganna.

Fjármálaeftirlitinu, 19. febrúar 2014

Unnur Gunnarsdóttir

Halldóra E. Ólafsdóttir

⁵ Sönnunarbyrði vegna vafa um hvort áhættuskuldbindingar tilheyri hópi tengdra viðskiptamanna var snúið við með lögum nr. 75/2010. Vert er að geta þess að í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir m.a.: *Gera má ráð fyrir að einstök fjármálafyrirtæki setji sér vinnureglur og kynni þær fyrir Fjármálaeftirlitinu þannig að ljóst sé hvaða almennu reglu fjármálafyrirtæki beitir til að komast að niðurstöðu um tengsl aðila. Þegar vafi leikur á tengslum bóki fjármálafyrirtæki rökstuðning sinn fyrir því að tengsl séu ekki til staðar annaðhvort þegar fyrirgreiðsla er veitt eða þegar slíkur vafi kemur fram.*